

Reglugjörð

106
4. sept.

um mat á kjöti.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjer með sett eftirfarandi fyrirmæli.

1. gr.

Þangað til öðruvísi verður ákveðið skal alt kjöt, sem flutt er hjeðan af landi að tilhlutun Útflutningsnefudar, metið og flokkað eftir gæðum af kjötmatsmönnum. Kjötmatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með söltun kjötsins, útskipun og meðferð þess í landi og í útflutningsskipunum og er útflytjendum kjöts skylt að hlýða fyrirmælum þeirra um það. Hverri kjötsendingu skal fylgja vottorð kjötmatsmanna ritað á farmskrána, um, að kjötið sje skoðað og flokkað eftir rjettum reglum. Skal sýslumaður eða hreppstjóri hafa vottað með undirskrift sinni, að löglega skipaðir kjötmatsmenn hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sje hreppstjóri sjálfur útflytjandi kjötsins eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslamaður til þessa annan hæfan mann.

2. gr.

Nánari reglur um mat kjöts, merking og meðferð í landi, við útskipun og í skipi, setur Útflutningsnefndin.

3. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn á hverjum kjötútflutningsstað, tvo eða fleiri, eftir því sem þurfa þykir.

4. gr.

Kjötmatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samviskusemi og fara eftir reglum þeim, sem settar eru um það. Lögreglustjórar stíla þeim heitið.

5. gr.

Kaup kjötmatsmanna greiða verslanir þær og kaupfjelög þau, er kjöt flytja út, eftir því sem ákveðið verður af Útflutningsnefndinni.

Ekki mega kjötmatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningsskipunum nje öðrum,

106 sem við útflutning kjötsins eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er af Útflutnings-
4. sept. nefndinni. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, er láta meta kjöt, nje kaupa kjöt til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig nje aðra.

6. gr.

Sá, sem flytur út eða lætur flytja út kjöt, án þess að gæta fyrirmæla reglugjörðar þessarar um mat, flokkun og merking þess, sæti alt að 10,000 kr. sektum til landssjóðs. Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Um hegningu fyrir brot kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessarar reglugjörðar, fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

7. gr.

Fyrirmæli reglugjörðar þessarar skerða að engu leyti ákvæði laga nr. 7, 13. september 1912, um merkingu á kjöti.

8 gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 4. september 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.